





## AÐFARAORÐ FORSTÖÐUMANNNS

Skýrsla ársins 2018 ber þess merki að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stígur nú græn skref. Í stað þess að prenta á pappír ítarlegar upplýsingar um söfn stofnunarinnar, fjöldamörg rannsóknarverkefni starfsmanna, innlent og erlent samstarf, þjónustu og miðlun er vísað á greinargóðar upplýsingar um þetta efni á nýjum vef stofnunarinnar á slóðinni [arnastofnun.is](http://arnastofnun.is). Í skýrslunni er aðeins bent á sérstakar vörður og nýmæli í starfseminni.


Árið 2018 var einstaklega gjöfult í starfi stofnunarinnar. Þar starfar öflugur og samstilltur hópur í góðu samstarfi við innlenda og erlenda fræðimenn um allan heim. Stór rannsóknarverkefni voru til lykta leidd á árinu og efnt til nýrra. Niðurstöður úr þeim hafa verið birtar á stafrænu sniði, í bókum og greinum. Stofnunin gaf sjálf út tvær bækur og þá þriðju í samvinnu við Kvæðamannafélagið Iðunni, auk árvissu tímaritanna tveggja, Griplu og Orðs og tungu. Mikil endurnýjun var í rafrænum gagnagrunnum stofnunarinnar og nýir urðu til eins og Nýyrðabankinn skemmtilegi. Vefgáttin [mali0.is](http://mali0.is) naut sívaxandi vinsælda, ekki síst meðal yngri notenda.

Í fyrra var aldarafmæli fullveldis Íslands fagnað um allt land. Undirbúningsnefnd fullveldisafmælisins fól Árnastofnun að efna til sýningar af þessu tilefni og var leitað samstarfs við Listasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands sem varð einkar happadrjúgt. Það sætti tíðindum að tvö merk handrit voru fengin að láni á sýninguna úr Árnasafni í Danmörku, Reykjabók Njálu, rituð um 1300, heillegasta miðaldahandrit þeirrar sögu, og Ormsbók Snorra-Eddu frá miðri fjórtándu öld sem geymir m.a. elstu ritgerð um íslenska tungu, fyrstu málfræðiritgerðina.

Í fyrra urðu þau langþráðu tímamót að máltækniáætlun fyrir íslensku 2018–2022 var að fullu fjármögnuð og auglýst var útboð Húss íslenskunnar. Húsið verður lifandi umgjörð utan um rannsóknir, nýsköpun, máltækni, kennslu og margháttða miðlun íslenskunnar og íslenskra fræða – opinn og frjór vettvangur fyrir alla sem vilja fræðast, fræða og njóta sýninga á handritum og öðrum gögnum stofnunarinnar. Þar munu ævintýrin gerast.

*Guðrún Nordal forstöðumaður*

# SKIPURIT STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra með stjórn sem er forstöðumanni til ráðgjafar.

## Stjórn 2018

Dagný Jónsdóttir var skipuð formaður stjórnar stofnunarinnar árið 2018. Aðrir stjórnarmenn eru Sigrún Magnúsdóttir varaformaður, Terry Gunnell, Torfi Tulinius og Guðrún Þórhallsdóttir. Þrjú síðastnefndu eru tilnefnd af Háskóla Íslands.

## Starfslið 2018

Fastráðnir starfsmenn stofnunarinnar voru 39 á árinu 2018 og verkefnaráðnir starfsmenn með tímabundna ráðningu 19. Haraldur Bernharðsson, dósent við íslensku- og menningar-deild Háskóla Íslands, og Þórður Ingi Guðjónsson, ritstjóri Íslenzkra fornrita, eru í nánnum tengslum við stofnunina og hafa þar fasta vinnuáðstöðu. Fjölmargir fræðimenn nýta sér rannsóknaráðstöðu stofnunarinnar, samtals 60 gestafræðimenn og fyrrverandi starfsmenn á árinu. Ónefndir eru þá 14 doktorsnemar sem höfðu vinnuáðstöðu í Árnagarði

eða á Laugavegi 13. Nýir starfsmenn komu til starfa á árinu 2018: Aðalsteinn Hákonarson, Einar Freyr Sigurðsson, Trausti Dagsson og Steinunn Aradóttir. Tvö þau síðastnefndu voru ráðin í ný stöðugildi. Auk þeirra var ráðið í fyrsta sinn frá fjármálahruninu 2008 í tvær lögbundnar rannsóknarstöður til tveggja ára: Birna Lárusdóttir fornleifafræðingur var ráðin í rannsóknarstöðu Sigurðar Nordals og Elizabeth Walgenbach sagnfræðingur í rannsóknarstöðu Árna Magnússonar.

## Húsnæðismál

Starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fer fram á þremur stöðum í og við miðborg Reykjavíkur: í Árnagarði við Suðurgötu, á Laugavegi 13 (4. og 5. hæð) og í Þingholtsstræti 29. Stofnunin á einnig tvær gestaíbúðir, í Þingholtsstræti 29 og Hvassaleiti 30, fyrir fræðimenn sem koma til landsins til rannsóknardvalar. Vegleg sýning á handritum var snar þáttur í sýningunni Lífsblómíð. Fullveldi Íslands í 100 ár sem haldin var í Listasafni Íslands 17. júlí–16. desember. Safnkennari stofnunarinnar hafði þar aðstöðu á meðan á sýningunni stóð. Stofnunin lánaði einnig handrit á grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands og á sýninguna Sjónarhorn í Safnahúsinu við Hverfisgötu þar sem safnkennari hefur alla jafna aðstöðu til að taka á móti skólahópum.





## VIÐBURÐIR 2018

### JANÚAR

**4. jan.** Orð ársins valið í samstarfi við RÚV og Mimi – félag íslenskunema við Háskóla Íslands. Orðið *epalhommi* varð hlutskarpast í almennri kosningu á netinu.



**24. jan.** Sýning á Teiknibókinni opnuð í Nordatlantisk Hus í Óðinsvéum. Guðbjörg Kristjánsdóttir var sýningarstjóri.

### FEBRÚAR

- 2. feb.** Safnanótt: Leiðsögn á sýningu á kjörgrip í Safnahúsinu við Hverfisgötu.
- 2. feb.** Vetrarhátíð: Myndbandsgjörningur þar sem nýyrðum var varpað á húsvegg í samstarfi við Vinafélag Árnastofnunar.
- 5. feb. 20.** hefti tímaritsins Orð og tunga (2018) kom út, bæði á prenti og í rafrænni útgáfu á vefnum tímarit.is. Ritstjóri var Ari Páll Kristinsson.
- 14. feb.** Skrifarastofa Svanhildar Mariu Gunnarsdóttur safnkennara og Evu Mariu Jónsdóttur kynningarstjóra í Nordatlantisk Hus í Óðinsvéum.
- 25. feb.** Margrét Eggertsdóttir veitti sérfræðileiðsögn um sýninguna Sjónarhorn í Safnahúsinu við Hverfisgötu.



### ISLEX-orðabókin

Hinn finnski hluti veforðabókarinnar ISLEX var opnaður við hátíðlega athöfn í húsaeynum Nordisk kulturkontakt í Helsinki 1. mars. Þar með eru öll norðurlandamálin, sænska, danska, norskt bókmál, nýnorska, færeyska og finnska, aðgengileg í ISLEX. Notendur vefsíðunnar árið 2018 voru 120.000.

Dagskráin fór fram á íslensku, finnsku og skandinavísku undir stjórn verkefnisstjórnanna Sari Päivärinne og Helgu Hilmisdóttur. Halldóra Jónsdóttir verkefnisstjóri og Þórdís Úlfarsdóttir ritstjóri kynntu verkefnið, auk þess sem finnsku þýðendurnir, Marjakaisa Matthíasson og Hanna Ampula, sögðu frá þýðingarferlinu. Nina Martola frá Tungumálastofnun Finnlands flutti ávarp og Guðrún Nordal forstöðumaður ræddi mikilvægi norræns tungumálasamstarfs. Finnsk-Íslenski þingmaðurinn Antero Vartia ávarpaði samkomuna á finnsku, íslensku og sænsku og opnaði síðan orðabókina formlega. Fjöldmenn var við athöfnina og að dagskrá lokinni tók til máls nýr sendiherra Íslands í Helsinki, Árni Þór Sigurðsson, og bauð upp á veitingar.

### MARS

- 1. mars. Opnun ISLEX-orðabókarinnar í Helsinki, Finnlandi.
- 9. mars. Fjöldmargir starfsmenn Árnastofnunar, doktorsnemar og fyrrverandi starfsmenn tóku þátt í Hugvísindapingi Háskóla Íslands.



- 13. mars. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, heimsótti allar starfsstöðvar stofnunarinnar ásamt fylgdarliði úr ráðuneyti.

### APRÍL

- 23. apríl. Dan Brown rithöfundur heimsótti stofnunina og skoðaði handrit.

### MAÍ

- 4. maí. Fyrsta útgáfa Risamálheildarinnar var kynnt.



- 14. maí. Ársfundur stofnunarinnar haldinn á Hótel Sögu. Fundargestir voru leystir út með trjáplöntum úr grunni húss íslenskunnar.
- 24. maí. Útgáfuhátíð Kvæðamannafélagsins lðunnar í Safnahúsinu. 160 kvæðalög af segulböndum gefin út í samstarfi lðunnar og Árnastofnunar í ritstjórn Rósu Þorsteinsdóttur.
- 25. maí. Ráðstefna um annarsmálsfræði haldin í Norræna húsinu. Úlfar Bragason var formaður undirbúningsnefndar.



## JÚNÍ

**4. júní.** Fjögurra vikna langt íslenskunámskeið fyrir norræna stúdenta hófst. Þátttakendur voru 31 talsins.



**9. júní.** Norrænu goðin, Edda og stjörnurarn í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík. Gisli Sigurðsson rannsóknarprófessor og Sævar Helgi Bragason stjörnuskoðari leiddu saman hesta sína og kynntu efnið á nýstárlegan hátt.

**11. júní.** Fimmtán ungmenni frá Norður-Ameríku af íslenskum ættum hófu 10 daga íslenskunámskeið á vegum Snorraverkefnisins.

**21. júní.** *Íslenskar bænir fram um 1600* kom út á vegum stofnunarinnar. Svavar Sigmundsson prófessor emeritus er útgefandi ritsins.

## JÚLÍ

**2. júlí.** Fjögurra vikna alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku hófst. Þátttakendur voru 41.



**5. júlí.** Guðvarður Már Gunnlaugsson og Þórunn Sigurðardóttir fylgdu Reykjabók Njálu og Ormsbók Snorra-Eddu frá Danmörku til Íslands. Árnasafn í Kaupmannahöfn lánaði handritin á sýninguna Lifsblómið.

**17. júlí.** Opnun sýningarinnar Lifsblómið. Fullveldi Íslands í 100 ár.

## RISAMÁLHEILDIN

Fyrsta útgáfa Risamálheildarinnar var kynnt 4. maí. Þessi málheild gerir aðgengilegt og leitarbært megnið af þeim textum sem hafa birst á helstu íslenskum vefmiðlum, auk Alþingisræðna frá mestallri síðustu öld, dóma, texta úr Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og ýmsum vefmiðlum auk margs konar annarra texta. Allir eru textarnir málfræðilega greindir og allar myndir orðanna hafa verið færðar undir uppflettimynd. Í heildina eru yfir 1,2 milljarðar lesmálsorða í fyrstu útgáfu Risamálheildarinnar.

Sækja má málheildina með öllum lýsigögnum á málföng.is. Hún er einnig leitarbær í öflugri málheildar-leitarvél á vefnum málheildir.árnastofnun.is og þar að auki er hægt að skoða tíðni orða eða orðastæðna yfir tíma í svokölluðum n-stæðuskoðara sem smíðaður var utan um gögnin í Risamálheildinni. Hann er aðgengilegur á n.arnastofnun.is.

Í leitarvél Risamálheildarinnar er hægt að leita að dæmum í gífurlegu textamagni á örskotsstund, eitthvað sem hefði tekið ár eða áratugi að leita í með

hefðbundnum lestri. Með þessum hætti má til að mynda skoða breytileika í setningagerð, breytileika og nýjungar í beygingum, orðmyndun og orðaforða, merkingarbreytingar og svo má áfram telja.

Í n-stæðuskoðaranum er hægt að skoða og bera saman tíðni orða og orðasambanda yfir tíma. Slíkar upplýsingar geta veitt innsýn í margvíslega þætti í notkun tungumálsins, t.d. notkun orðasambanda eða hvernig tiltekin orðnotkun tekur við af annarri en þetta verkfæri getur einnig varpað ljósi á samfélagið, t.d. tísku, tæknisögu eða samfélagsmæðu.

Haldið verður áfram að safna textum og vinna að nýjum útgáfum Risamálheildarinnar á næstu árum, að minnsta kosti á meðan máltækniáætlun fyrir íslensku stendur yfir. Meðfram því verður unnið að því að bæta greininguna og verkfærin sem notendur geta notað til að vinna með málheildargögnin. Þá verður einnig reynt að gæta að því að leiðbeiningar og upplýsingar um málheildina og verkfærin verði uppfærðar reglulega.



*Vasarè Rastonis forvörður að störfum.*

### LÍFSBLÓMIÐ. Fullveldi Íslands í 100 ár

Sýningin Lífsblómið. Fullveldi Íslands í 100 ár var opnuð í Listasafni Íslands 17. júlí 2018 og var afrakstur samstarfs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafns Íslands og Listasafns Íslands. Auk þess lánuðu önnur söfn og stofnanir, sem og einkaaðilar, bæði hér á landi og í Danmörku, verk á sýninguna. Tilgangurinn með henni var að varpa ljósi á ýmis átakamál á fullveldistímanum. Á sýningunni mátti sjá handrit og skjöl er varða íslenska menningu og snerta sjálfsmynd þjóðarinnar, sjálfstæðisbaráttuna og fullveldi Íslands. Eins var þar að finna samtímalistaverk sem birta sýn nokkurra listamanna á sjálfstæðisbaráttuna. Fengin voru að láni frá Kaupmannahöfn handrit sem ekki komu til Íslands við handritaskiptin á síðustu öld: Reykjabók, eitt heillegasta og elsta handrit Njáls sögu, og Ormsbók Snorra-Eddu, sem er 14. aldar handrit sem varðveitir Snorra-Eddu og

allar málfræðiritgerðin og er eina heimildin um hina merku fyrstu málfræðiritgerð.

Í tengslum við sýninguna voru haldin málþing og boðið upp á leiðsögn fyrir alla aldurshópa. Netleiðsögn um sýninguna var jafnframt send til allra framhaldsskóla landsins.

Guðrún Nordal forstöðumaður Árnastofnunar, Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Listasafns Íslands, og Eiríkur Guðmundsson forstöðumaður Þjóðskjalasafnsins skipuðu verkefnisstjórn sýningarinnar. Fulltrúi stofnunarinnar í sýningarnefnd var Þórunn Sigurðardóttir rannsóknarprófessor en auk hennar áttu þar sæti Unnar Ingvásson frá Þjóðskjalasafni og Birta Guðjónsdóttir frá Listasafni Íslands. Sýningarstjóri var Sigrún Alba Sigurðardóttir.

## ÁGÚST

**1.–10. ágúst.** Alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum haldinn í Reykjavík. Nemendur voru 60.

**12.–17. ágúst.** Alþjóðlegt fornsagnapíng 2018 haldið í Reykjavík í samstarfi við Árnastofnun. Svanhildur Óskarsdóttir var formaður ráðstefnustjórnar.



**20.–22. ágúst.** Dialektolog 2018: Norræn mállysku- og málbrigðaráðstefna haldin í samstarfi við Árnastofnun. Helga Hilmisdóttir var formaður ráðstefnustjórnar.

## SEPTEMBER

**1. sept.** *Safn til íslenskrar bókmenntasögu* eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík kom út. Málþing haldið um útgáfuna með þátttöku ritstjórnanna Þórunnar Sigurðardóttur og Guðrúnar Ingólfssdóttur.

**14. sept.** Sigurðar Nordals fyrirlestur í Norræna húsinu. Anna Agnarsdóttir sagnfræðingur og prófessor emeritus við Háskóla Íslands flutti fyrirlesturinn: „Islande est peu connu“: Stórveldin sækja Ísland heim. Samskipti Frakka og Breta við Ísland á 18. öld. ”

**19. sept.** Gísli Sigurðsson veitti sérfræðileiðsögn um sýninguna Sjónarhorn í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

**28. sept.** Visindavaka í Laugardalshöll. Starfsfólk stofnunarinnar kynnti möguleika Risamáleildir, Sagna-grunnins, stilmælingar á fornum textum og gaf fólki kost á að reyna sig í handritaskrifarastofu hjá safnkennara.

## OKTÓBER



**5. okt.** Málþing í Þjóðminjasafninu til heiðurs Guðrúnu Ásu Grímsdóttur sem lét af störfum sem rannsóknarprófessor við stofnunina sökum aldurs í lok september.

**31. okt.** Lykilorðasmiðurinn, sem býr til lykilorð úr uppflettiorðum Ritmálssafns Orðabókar háskólans, kynntur.



## NÝRRÐABANKI OPNAÐUR

Í sibreytilegum heimi þarf sífellt ný orð til að orða hugsanir og lýsa veruleikanum. Nýyrðabankinn er nýjasta framlag stofnunarinnar til þess að koma til móts við málnotendur sem skapa ný orð eða leita nýyrða. Hugmyndavinna fyrir Nýyrðabankann var að mestu í höndum Ágústu Þorbergsdóttur málfræðings og Trausta Dagsssonar, verkefnisstjóra í upplýsingatækni við stofnunina. Afraksturinn var svo kynntur alþjóð á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2018 við hátíðlega athöfn á Höfn í Hornafirði. Við það tækifæri komu nemendur í grunnskóla bæjarins fram og sögðu frá nýjum orðum sem þau höfðu sett saman eftir kennslu í nýyrðasmiði. Á árinu 2018 fékk nýyrðabankinn á þriðja þúsund heimsóknir en orðin sem lögð voru inn nálguðust 300. Nýyrðunum má skipta í nokkra flokka á borð við nýtt fyrirbæri á markaði, „betri orð“ en þau gömlu og ný hugtök. Orðið þyrilsnælda er dæmi um nýtt fyrirbæri á markaði. Algengt er að nýyrðasmiðir sendi inn orð sem þeir telja á einhvern hátt betri en þau sem almennt eru notuð. Dæmi um slíkt eru orðin: þjóþota (rassapota), heitisteiti (nafnaveisla) og þeytikvörn (blandari). Ný hugtök hafa einnig verið send inn í nýyrðabankann eins og gámagrams og flettisprettur eru dæmi um. Sumir notendur bankans láta sér nægja að skoða orðin sem send hafa verið inn og láta sér líka við þau eða skrifa athugasemd. Þannig má fá fram umræður um kosti og vankanta orðanna. Nú þegar þykir aðstandendum Nýyrðabankans ljóst að þörf er á stað í netheiminum þar sem ný orð eru birt og hægt er að ræða um gagnsemi þeirra.



## NÓVEMBER

– Í nóvembermánuði var gerð notendakönnun um vefgáttina málið.is á veraldarvefnum.

**10. og 24. nóv.** Handritasmiðja undir stjórn safnkennara fyrir fjölskyldur í samstarfi við Listasafn Íslands í tengslum við sýninguna Lífsblómið. Fullveldi Íslands í 100 ár.



**13. nóv.** Árna Magnússonar fyrirlestur í Norræna húsinu. Þorleifur Hauksson flutti fyrirlesturinn: „Hugleiðingar og reynslusögur um mismunandi útgáfur íslenskra fornrita.“

**13. nóv.** Smáforritið málið.is kemur út fyrir android-síma.

**15. nóv.** Málræktarþing Íslenskrar málnefndar haldið undir yfirskriftinni Íslenska á ferðaöld.

**16. nóv.** Dagur íslenskrar tungu: Hvatningarverðlaun viðskiptalífsins veitt í fyrsta sinn með fulltingi Árnastofnunar. Verðlaunin fékk auglýsingastofan Brandenburg. Við sama tilefni fékk Mjólkursamsalan heiðursverðlaun fyrir áralangan stuðning við íslenska tungu. Hátiðardagskrá með mennta- og menningarmálaráðherra á Höfn í Hornafirði þar sem Nýyrðabanki Árnastofnunar á slóðinni nyyrdi.arnastofnun.is var opnaður. Eiríkur Rögnvaldsson íslenskufræðingur fékk Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og verkefnið Skáld í skólum fékk sérstaka viðurkenningu á degi íslenskrar tungu.

**23. nóv.** Fullveldi á föstudegi: Guðrún Nordal skipulagði og tók þátt í málþingi ásamt Andra Snæ Magnasyni rithöfundu og Katrínu Oddsdóttur lögfræðingi. Málþingið var haldið í tengslum við sýninguna Lífsblómið í Listasafni Íslands.



## DESEMBER



**1. des.** Í tilefni af hátiðahöldum vegna 100 ára fullveldis Íslands heimsótti Margrét Þórhildur Danadrottning Ísland heim. Hún skoðaði meðal annars sýninguna Lífsblómið í Listasafni Íslands.

**20. des.** Gripla XXIX (2018) kom út. Ritstjórar voru Rósa Þorsteinsdóttir og Emily Lethbridge.

**21. des.** Vefur um lifandi hefðir opnaður á viðburði í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.


### LIFANDI HEFÐIR

Mennta- og menningarmálaráðherra opnaði vefinn lifandihefdir.is. Vefurinn er unninn í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er hluti af innleiðingu á samningi UNESCO frá árinu 2003 um varðveislu óáþreifanlegs menningararfs. Samningurinn beinir kastljósinu að því óáþreifanlega í menningunni og arfleifðinni og því gildi sem hefðir, siðir, venjur, verkunnátta o.fl. hafa fyrir samfélagið. Vefurinn byggist á þátttöku fólks sem er tilbúið til að miðla þekkingu sinni á lifandi hefðum sem það þekkir og stundar. Þannig standa vonir til að með tímanum verði til þekkingarsafn með upplýsingum um fjölbreyttar hefðir ólíkra hópa hérlandis. Vefurinn hefur fengið góð viðbrögð og nú þegar eru á honum upplýsingar um ólíkar hefðir sem margar hverjar eiga sér djúpar rætur í fortíðinni sem og nýrri hefðir sem hér hafa numið land á síðari árum. Vilhelmína Jónsdóttir stjórnaði verkefninu og vefstofan WebMo Design sá um forritun.

# FASTRÁÐNIR STARFSMENN 2018



Aðalsteinn Hákonarson



Antonio Costanzo



Ari Páll Kristinsson



Ágústa Þorbergsdóttir



Ásta Svavarsdóttir



Birna Lárusdóttir



Einar Haraldsson



Einar Freyr Sigurðsson



Elizabeth Walgenbach



Emily Lethbridge



Eva María Jónsdóttir



Gísli Sigurðsson



Guðný Ragnarsdóttir



Guðrún Ása Grímsdóttir



Guðrún Nordal



Guðvarður Már Gunnlaugsson



Haldóra Jónsdóttir



Haukur Þorgeirsson



Helga Hilmisdóttir



Ingibjörg Þórisdóttir



Jóhann Kristján Konráðsson




Jóhanna Ólafsdóttir



Jóhannes B. Sigtryggsson



Kári Kaaber



Kristín Bjarnadóttir



Margrét Eggertsdóttir



Rákel Pálsdóttir



Rósa Þorsteinsdóttir



Sigurborg K. Stefánsdóttir




Soffía Guðný Guðmundsdóttir



Steinunn Aradóttir



Steinþór Steingrímsson



Svanhildur María Gunnarsdóttir



Svanhildur Óskarsdóttir



Trausti Dagsson




Úlfar Bragason



Vasarè Rastonis



Þórdís Úlfarsdóttir



Þórunn Sigurðardóttir



## NÝR VEFUR STOFNUNARINNAR

Árið 2018 var unnið að nýjum vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Undirbúningur verkefnisins hófst vorið 2016 með ráðgjöf frá Sigurjóni Ólafssyni í samstarfi við nemendur hans í vefmiðlun við Háskóla Íslands. Meðal annars var unnin þarfagreining og notendakönnun á netinu. Árið 2017 vann vefstofan Hugsmiðjan frekari greiningarvinnu sem leiddi til endanlegrar kröfufylsingar um verkið sem var send til fimm mismunandi vefstofa sem gerðu tilboð í það.

Fyrirtækið 1xinternet, sem hefur höfuðstöðvar í Þýskalandi, fékk verkefnið og smíðaði vef í vefumsjónarkerfinu

Drupal. Fyrirtækið vann með vefstjóra, verkefnisstjóra í upplýsingatækni og vefnefnd að uppbyggingu nýja vefsins. Grunnhugmyndin var að allar helstu upplýsingar um stofnunina yrðu aðgengilegar á forsiðu nýrrar vefsíðu, fleiri fyndu efni við sitt hæfi á vefnum og hann væri stílhreinn á að líta. Í lok árs 2018 var enn unnið að því að raða hinu viðamikla efni sem var á fyrri vefsíðu inn í nýtt kerfi og stefnan sett á að opna nýjan vef fyrir almenning snemma árs 2019.

## BEYGINGARLÝSING ÍSLENSKS NÚTÍMAMÁLS

Máltækniþjóður veitti styrk til endurgerðar Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls (BÍN) og hófst vinna við verkið 2018. Gagnagrunnurinn hefur verið endurhannaður og gögnin skipulögð að nýju, með verulegum viðbótum í greiningu og flokkun. Meðal viðbóta er flokkun eftir málsniði (t.d. formlegt, óformlegt, niðrandi, óviðurkvæmlegt, gamalt, staðbundið o.fl.), eftir notkun (t.d. þegar orð er bundið við orðasamband) og eftir framburði (t.d. þar sem ekki er tvíhljóðun á undan *ng/nk* eins og í *mangó*). Þá eru orð og afbrigði af beygingarmyndum flokkuð eftir gildi þannig að greiður aðgangur er að viðurkenndri núgildandi stafsetningu og skýringar fylgja með öðrum afbrigðum í gagnagrunninum.

Til þessa hafa gögn úr BÍN verið aðgengileg með tvennu móti, á BÍN-vefsíðunni sem ætluð er almenningi og sem úttak úr gagnagrunninum til nota í máltækni. Efnið úr nýja BÍN-gagnagrunninum verður birt í fimm hlutum:

- BÍN-vefurinn ([bin.arnastofnun.is](http://bin.arnastofnun.is)) verður eftir sem áður ætlaður almennum notendum en þar verða verulegar viðbætur við leiðbeinandi efni, sérstaklega um stafsetningu.
- BÍN-kjarninn er nýr en hann er leiðbeinandi úttak úr BÍN sem hægt er að tengjast með forritaskilum (API) til birtingar á vefsvæðum eða í hugbúnaði. Einnig stendur til að setja upp forritaskil fyrir þá sem vilja nota gögnin í leitarvélur eða annan búnað.
- Úttak úr BÍN til máltækniþota: Í fyrstu verða gögnin á sama formi og hingað til en unnið er að skilgreiningum á fleiri möguleikum þar sem nýjungar í greiningu nýtast betur, t.d. í sérhönnuðu úttaki sem nýtist í leiðréttingarforrit en stórt villusafn er hluti af nýju efni í gagnagrunninum. Aðrar útgáfur verða unnar í samráði við notendur.
- Vefur um orðgerðargreiningu (Orðföng) inniheldur nákvæma stofnhlutagreiningu á orðaforðanum í BÍN þar sem orðhlutarnir eru tengdir við uppflattiroð þar og itarefni, m.a. við rökliðagreiningu.
- BÍN í rannsóknir: Til stendur að útfæra vinnuviðmótið þannig að fræðimenn geti nýtt sér alla þætti greiningarinnar í gagnagrunninum.



# ÚTGÁFUR Á ÁRINU

Auk tveggja ritrýndra tímarita komu út tvær bækur í ritröð Árnastofnunar sem áttu það sameiginlegt að vera frumútgáfur flestra textanna sem lágu til grundvallar.

Svarar Sigmundsson gaf út *Íslenskar bænir fram um 1600*.

Guðrún Ingólfsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir gáfu út *Safn til íslenskrar bókmenntasögu* eftir eiginhandarriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík sem vann náð um tíma með Árna Magnússyni.



## Myndir:

- Forsíða: Orð úr Nýyrðabankanum sett upp af Sigrúnu Sigvaldadóttur  
Bls. 2: Jóhanna Ólafsdóttir  
Bls. 4: Anton Brink og Flemming Knud Larsen (frá Teiknibókarsýningu)  
Bls. 5: Guðrún Nordal (frá opnun ISLEX í Finnlandi) og Jóhanna Ólafsdóttir  
Bls. 6: Jóhanna Ólafsdóttir (af handritasýningu) og Rakel Pálsdóttir  
Bls. 7: Jóhanna Ólafsdóttir  
Bls. 8: Jóhanna Ólafsdóttir og Þórgunnur Þórsdóttir (af börnum með orð)  
Bls. 9: Jóhanna Ólafsdóttir, Sigurður Stefán Jónsson (af safnkennslu) og Sigurður Gunnarsson (af konunglegri heimsókn)  
Bls. 10 og 11: Sigurður Stefán Jónsson  
Baksíða: Jóhanna Ólafsdóttir og Sigurður Stefán Jónsson (af orðabókarhandriti)  
Hönnun: Hunang · Sigrún Sigvaldadóttir  
Prentun: Svansprent



Mynd af orðabókarhandriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík prýðir boðskortið fyrir ársfundinn 2019. Þetta óútgefna verk er varðveitt í mörgum handskrifuðum bindum.

## STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

Skrifstofa Árnagarði v/Suðurgötu  
101 Reykjavík  
sími 525 4010  
arnastofnun@arnastofnun.is  
www.arnastofnun.is



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR  
í íslenskum fræðum